

**UNIVERSITY COLLEGE LONDON**

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

For The Following Qualification:–

*B.A.*

**Scand. Studs. SC2180: Intermediate Modern Icelandic Language**

**COURSE CODE : SCAN2180**

**UNIT VALUE : 1.00**

**DATE : 02-MAY-06**

**TIME : 10.00**

**TIME ALLOWED : 3 Hours**

Answer ALL questions.

A. (70%) Read the following text carefully and answer the questions below:

Sumir dagar eru einfaldlega verri en aðrir. Nýlega átti ég einmitt þannig dag. Ég vaknaði snemma eftir alltof lítinn svefn til að ná að vinna aðeins áður en ég færi í skólann. Í stað þess að byrja daginn með því að hugleiða eða eitthvað álíka sniðugt fór ég að hugsa um allt sem ég átti eftir að gera. Í hjartanu hreiðraði um sig samviskubit yfir gærkvöldinu sem hefði svo gjarnan mátt fara í eitthvað gáfulegra en það einmitt gerði.

Þegar ég kom niður í hjólageymslu var lint í afturdekkinu og ég nagaði mig í handarbökin yfir að hafa ekki farið fyrir löngu að kaupa nýja slöngu enda lekur alltaf úr þessari. Ég nenni auðvitað ekki aftur upp stigann til að sækja hjólapumpuna svo ég ákvað að koma frekar við á bensínstöðinni og pumpa í dekkið. Niðri við sjó virtist norðanáttin engan veginn geta ákveðið í hvaða átt hún ætlaði að blása. Það var sama hvort ég fór í austur, vestur, suður eða norður; alltaf var ég með vindinn í fangið.

Mér tókst að pumpa í dekkið og eftir það var öllu auðveldara að hjóla. Ég byrjaði þó á að hjóla ofan í glerbrotahrúgu og bölvaði öllum glerbrotunum á götum Reykjavíkur. Sem betur fór sprakk samt ekki en í staðinn fyrir að gleðjast yfir því pirraði ég mig á öllum hinum skiptunum sem ég hef þurft að bæta slönguna. Í vinnunni virkaði prentarinn ekki og tölvan var óvanalega hægvirik. Ég komst ekki inn á tölvupóstinn minn og það var kjöt í matinn á teríunni en það vill svo til að ég borða ekki kjöt.

Að hjóla af Morgunblaðinu í Kringlunni og upp í Háskóla Íslands getur farið illa með sálartetrið. Þrátt fyrir að þetta sé bein leið er hún langt frá því að vera greiðfær. Meðfram nýju Hringbrautinni er auðvitað enginn hjólreiðastígur og við gatnamót Snorrabrautar og Hringbrautar eru vegaf framkvæmdir\* sem ætla aldrei að enda. Þegar ég

svo nálgæðist Háskólann þurfti ég að taka á mig krók í gegnum Hljómskálagarðinn, með tilheyrandi beygjum, enda framkvæmdir þar eins og annars staðar.

25 Stutt viðkoma á Þjóðarbókhöðunni gerði mig ennþá klikkaðri. Á kaffistofunni var ég rukkuð um fimmtíu krónur fyrir glas af heitu vatni og í lesrýminu voru tómir fávítar með eyrnatappa sem töluðu stöðugt saman og svöruðu í símann ef því var að skipta. Ekki bætti úr skák að það rifjaðist upp fyrir mér að sálfræðikennarinn minn í menntaskóla sagði einhvern tíma við okkur að sjálfsvirðinguna væri hægt að mæla í fávítum. Því fleiri fávítar sem væru í kringum mann því lakari væri sjálfsvirðingin.

30 Í Háskólanum varð ég engu glaðari enda fór tíminn aðallega í það að ræða smitun af H5N1 stofni fuglaflensuveirunnar. Dreif mig bara út eftir tímann og ákvað að fara heim og leggja mig í von um að sofa úr mér ólundina.

Auðvitað var farið að rigna og jakkinn sem ég var í var engan veginn gerður til að hrinda frá sér vatni. Ég þurfti að koma við í Bónus svo ég hjólaði Laugavegin heim. Það 35 gerði mig auðvitað enn skapverri því á Laugaveginum er hvorki hægt að hjóla á götunni né á gangstéttinni. Í hljóði blótaði ég öllum fávítunum á Laugaveginum sem höfðu ekki einu sinni fyrir því að færa sig þótt ég væri þarna að reyna að komast áfram í rigningunni. Veðrið hélt sér í takti við tilfinningar mínar, alveg eins og í bíómyndunum.

Í Bónus var auðvitað alltaf sami mannfjöldi og ekkert til af því sem ég ætlaði að 40 kaupa. Ég kom mér út eftir misheppnaða verslunarferð og var varla sest á hjólið aftur þegar það kom brjálæðislegt haglé. Á þeirri stundu langaði mig mest til að fara að grenja. Höglin voru risastór og náðu að berja sig inn á milli trefilsins og jakkans svo mér varð ískalt á örskotsstundu. Gatan varð hálli og ég þurfti að fara varlega á hjólinu enda ekki á sérlegum grófum dekkjum. Þegar ég nálgæðist vinnusvæðið rétt áður en komið er að

45 Snorrabraut þurfti ég að hægja vel á mér til að hjóla ekki á vinnupalla\*\* sem voru á gangstéttinni.

Þá gerðist það.

Á móti mér kom glaðlegur maður með hatt. Ég sá fram á að hjóla hann niður en hann hoppaði létt til hliðar og brosti sínu blíðasta. Haglélið pirraði hann ekki vitund  
50 heldur þvert á móti hló hann að því og sagði kátur þegar ég hjólaði framhjá: „Haglél!“ Þá rann upp fyrir mér ljós. Allt í einu skildi ég að haglél er auðvitað ekkert nema stórskemmtilegt fyrirbæri. Ég hjólaði rólega heim og brosti til allra sem ég mætti. Við vorum bandamenn í baráttunni við haglélið. Ef einhver var fyrir mér gerði ég kurteislega vart við mig til að komast fram úr. Mitt hlutverk var að senda áfram gleðina sem  
55 maðurinn á Laugaveginum gaf mér. Allt í einu voru flóknar leiðir vegna vegaframkvæmda ekki pirrandi heldur einmitt skemmtilegt verkefni sem mér var ætlað að leysa á sem skjótastan hátt.

Næsta morgun fékk ég mér te, las blöðin og hugsaði um að þetta gæti orðið besti dagur lífs míns. Ég hló að norðanáttinni fyrir að vita ekkert hvert hún var að fara. Ég vissi  
60 alla vega hvert ég var að fara.

\*vegaframkvæmdir = road works  
\*\* vinnupallur = scaffolding

### Questions:

1. Translate lines 39-48 (‘Í Bónus ... gerðist það’) into English.
2. Answer the following questions (a)-(j) in complete Icelandic sentences:  
(a) Af hverju er ekki sniðugt að byrja daginn með því að fara að hugsa um allt sem maður á eftir að gera?

- (b) Hvað heldur þú að höfundur hafi gert í gærkvöldi?
- (c) Hvað gerði hjólaferðina erfiða fyrir höfundinn til að byrja með?
- (d) Hvar vinnur höfundur?
- (e) 'Að hjóla ... með sálartetrið' (line 18-19). Hvað á höfundur við með þessu?
- (f) Af hverju var fólkíð í lesrýminu með eyrnatappa?
- (g) Til hvers fer höfundur að rifja upp það sem sálfræðikennarinn sagði um sjálfsvirðingu?
- (h) Hvað heldur þú að höfundur sé að læra í háskólanum?
- (i) Hver eru tengsl milli tilfinninga og bíomyndanna að mati höfundarins?
- (j) Hvernig stendur á því að hagléi verður allt í einu 'ekkert nema stórskemmtilegt fyrirbæri' (line 51-52)?

3. Explain in Icelandic the meaning of the following words/expressions (a)-(d) from the text, all underlined:

- (a) hægvirki (line 16)
- (b) fávitar (line 25)
- (c) ólund (line 32)
- (d) skapverri (line 35)

4. Divide the following compounds (a)-(c) from the text into their individual parts, and write the basic singular nominative form for each part according to the following pattern:

listaverk: list + verk

- (a) handarbökin (line 7)
- (b) glerbrotahrúgu (line 13)
- (c) fuglaflensuveirunnar (line 31)

5. Find THREE different examples in the text of adjectives in the comparative, and write the appropriate regular and superlative forms according to the following pattern:

auðveldara: auðveldur, auðveldastur

6. Change the active clauses (a)-(e) into passive ones, using the personal or impersonal passive as appropriate, according to the following pattern:

Ég sótti hjólapumpuna: hjólapumpan var sótt

- (a) ég bölvaði öllum glerbrotunum (line 13)
- (b) þeir töluðu stöðugt saman (line 26)
- (c) haglelið pirraði hann ekki (line 49)
- (d) ég las blöðin (line 58)
- (e) ég hló að norðanáttinni (line 59)

**B. (30%) Write an essay in Icelandic on ONE of the following topics:**

- (a) Er glasið háftómt eða háffullt?
- (b) Er dagleg kurteisi að detta úr tísku?
- (c) Er rétt að banna reykingar á pöbbum og veitingastöðum?
- (d) Hvar langar þig helst að búa og af hverju?
- (e) Matur og tilfinningar.
- (f) Væri ég forseti...

**UNIVERSITY COLLEGE LONDON**

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

For The Following Qualification:–

*B.A.*

**Scand. Studs. SC3730: Sources For The Viking Age I**

**COURSE CODE : SCAN3730**

**UNIT VALUE : 0.50**

**DATE : 12-MAY-06**

**TIME : 10.00**

**TIME ALLOWED : 3 Hours**



**Answer QUESTION 1 and TWO OTHER QUESTIONS. All questions carry equal marks.**

**A candidate may not in any answer cover the same ground as in an assessed essay. Avoid any duplication of material within this paper.**

1. Choose THREE of the following topics in Viking-Age historiography; briefly explain what, in your view, are the best Scandinavian written sources for the history of each topic, and why.
  - (a) Social structures in mainland Scandinavia
  - (b) Warfare
  - (c) Kingship
  - (d) The Conversion of Iceland to Christianity
  - (e) The Vikings in England
  - (f) The place of women in society
  
2. How reliable is the version of early Icelandic history that Ari Þorgilsson gives us in *Íslendingabók*?
  
3. To what extent is the book-prose / free-prose debate about the origins of the *Íslendingasögur* still relevant to historians of the Viking Age?
  
4. How should we go about making the best possible use of Viking-Age runic inscriptions as a source for the history of the period?
  
5. Define the term 'The Viking Age'. Explain the reasoning behind your definition.
  
6. Discuss the interrelationships between any THREE medieval Icelandic AND / OR Norwegian *konungasögur*. What are the implications of these interrelationships for the modern historian?